



Fundargerð

Tilv. 1704259/2.10.1

Fundur: Grisjunarráð 7/2017.
Dagsetning og tími: 27. september 2017, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður.
Mættir: Allir mættir.
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs.

Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 13. júlí 2017.
2. Grisjunarbeiðni Seðlabanka Íslands dags. 4. júlí 2017 – vinnugögn starfsmanna (málsnr. 1707011).
3. Grisjunarbeiðni Íslenskrar myndgreiningar ehf. dags. 22. ágúst 2017 – röntgenfilmur (málsnr. 1708053).
4. Grisjunarbeiðni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 29. ágúst 2017 – póstkort frá IFAW (málsnr. 1708066).
5. Grisjunarbeiðni Seðlabanka Íslands dags. 11. september 2017 – fylgiskjöl bókhalds eldri en árið 2008 (málsnr. 1709039).
6. Grisjunarbeiðni Seðlabanka Íslands dags. 11. september 2017 – fylgiskjöl bókhalds árin 2008–2009 (málsnr. 1709041).

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 13. júlí 2017.

Fundargerð grisjunarráðs frá 13. júlí 2017 samþykkt og undirrituð.

2. Grisjunarbeiðni Seðlabanka Íslands dags. 4. júlí 2017 – vinnugögn starfsmanna (málsnr. 1707011).

Beiðnin var samþykkt. Seðlabanka Íslands er heimilt að eyða útgefnu efni annarra en Seðlabanka Íslands, tvítökum, afritum, ljósritum, efni sótt á vefinn, skýrslum og ýmsum öðrum gögnum frá alþjóðastofnunum, skýrslum og ýmsum öðrum gögnum frá innlendum stofnunum sem ekki varða einstök mál sem ná yfir tímabilið 1961–2017 þegar hagnýtu gildi þeirra er lokið. Forsenda ákvörðunarinnar er að um hreinsun er að ræða í skjalasafni sem hefur ekki áhrif á heilleika skjalasafnsins.



3. Grisjunarbeiðni Íslenskrar myndgreiningar ehf. dags. 22. ágúst 2017 – röntgenfilmur (málsnr. 1708053).

Beiðnin var samþykkt. Íslenskri myndgreiningu er heimilt að eyða umbeðnum röntgenmyndum sem ná yfir tímabilið 1999–2005 þegar þær hafa náð tíu ára aldri með því skilyrði að ein askja af röntgenmyndum verði varðveitt sem sýnishorn. Forsenda ákvörðunarinnar er að úrlestur á röntgenmyndum er varðveittur í sjúkraskrá.

4. Grisjunarbeiðni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 29. ágúst 2017 – póstkort frá IFAW (málsnr. 1708066).

Beiðnin var samþykkt. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu er heimilt að eyða umbeðnum póstkortum frá IFAW sem ná yfir tímabilið 2012–2016 þegar hagnýtu gildi þeirra er lokið með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn fimm póstkort úr hverri sendingu til ráðuneytisins. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin hafa takmarkað upplýsingagildi og gagnsemi innihalds þeirra í miklu magni er lítið.

5. Grisjunarbeiðni Seðlabanka Íslands dags. 11. september 2017 – fylgiskjöl bókhalds eldri en árið 2008 (málsnr. 1709039).

Beiðnin var samþykkt. Seðlabanka Íslands er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds frá tímabilinu 1961–2007 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll dagskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5 eða því sem næst og mögulegt er. Forsenda ákvörðunarinnar er að líta ber á skjölin sem fylgiskjöl bókahalds sem innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

6. Grisjunarbeiðni Seðlabanka Íslands dags. 11. september 2017 – fylgiskjöl bókhalds árin 2008–2009 (málsnr. 1709041).

Afgreiðslu beiðnarinnar var frestað. Ákveðið að leita nánari upplýsinga um skjölin, þ.e. hvort að um sé að ræða bókhaldsskjöl sem tengjast rekstri bankans eða skjöl sem tengjast lögbundnu hlutverki hans. Þá er óskað eftir nánari upplýsingum um hvort að sömu upplýsingar séu varðveitt í rafrænum gagnakerfum bankans og hvort að beiðnin nái yfir einn eða fleiri skjalaflokka.

Fundi slitið kl. 12:57.

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)